

Nr. 17.
8.
júli.

Lög fyrir Ísland

um

tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Með konunglegri tilskipun má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskiveiðaskirteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, og samkvæmt 1. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa hafa rjett til þess að hafa danskt flagg, svo og um tölusetning og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda á góðri reglu við fiskiveiðar á tjeðu svæði, og koma í veg fyrir spell og skemmdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir, um eptirlit með því, að fylgt sje ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu

2. gr.

Hlutaðeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eptir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, sjeu þau eigi þegar eptir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskirteinis og merking skipanna.

Kostnað allan, er af þessu leiðir, þar með talin borgun til lögreglustjórans og aðstoðarmanna hans, skal greiða úr landssjóði. Skipaeigendur skulu eigi greiða nein gjöld fyrir skrásetning, mæling, útgáfu skirteinis nje merking skipanna, en á þeim hvílir sú skylda, að halda við bókstöfum þeim og tölum og öðrum merkjum, er sett hafa verið.

Nr. 17. Lög fyrir Ísland 8. júli um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Lov for Island

angaaende

Forholdsregler, sigtende til Ordningen af Fiskeripolitiet i Havet omkring Færøerne og Island udenfor dansk Søterritorium.

Nr. 17.
8de
Juli.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ved kongelig Anordning kan der for det Tidsrum, i hvilket denne Lov er gældende, foreskrives Regler angaaende en særlig Registrering af og Meddelelse af Fiskericertifikat til alle i Island hjemmehørende Fartøjer, der anvendes til Fiskeri i Havet omkring Færøerne og Island udenfor dansk Søterritorium, og som efter § 1 i Lov om islandske Skibes Registrering af 13de December 1895 have Ret til at føre dansk Flag, samt angaaende Nummerering og Mærkning af disse Fartøjer med tilhørende Fiskeriredskaber m. v. Paa lignende Maade kan der for samme Tidsrum fastsættes nærmere Regler til god Ordens Overholdelse under Fiskeriet i det nævnte Hav og til Forebyggelse af Beskadigelse eller Ødelæggelse af Fiskernes Garn og øvrige Redskaber, ligesom der kan træffes de fornødne Bestemmelser angaaende Tilsynet med de i Henhold til det foranstaaende givne Forskrifters Overholdelse.

§ 2.

Indregistreringen ifølge § 1 og den Maaling af Fartøjet, der, for saa vidt dette ikke allerede efter de almindelige Regler er Maaling underkastet, med Hensyn hertil maa foretages, ligesom ogsaa Fiskericertifikatets Udstedelse og Afmærkning af Fartøjet sker ved Foranstaltning af vedkommende Politimester.

Alle dermed forbundne Omkostninger, derunder Betaling til Politimesteren og hans Medhjælpere, udredes af Landskassen. Fartøjets Ejer skal ikke erlægge noget Gebyr for Fartøjets Registrering, Maaling, Afmærkning eller for Udstedelse af Fiskericertifikatet, hvorimod det paahviler ham at vedligeholde paamaalede Bogstaver, Tal og andre Mærker.

Nr. 17. Lov for Island af 8de Juli angaaende Forholdsregler, sigtende til Ordningen af Fiskeripolitiet i Havet omkring Færøerne og Island udenfor dansk Søterritorium.

Nr. 17.

8.
júli.

3. gr.
Auk skaðabóta þeirra, er menn eptir almennum lögum geta bakað sjer með því að hlýða eigi fyrirmælum þeim, er gerð verða samkvæmt 1. gr., má dæma þá í sekt, allt að 200 kr.

Um sektamál þau og mál um ábyrgð til skaðabóta, þar sem sektir dæmast, fer sem um opinber lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna, og skulu vera í gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Lundúnum 24. júní 1901 um löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 8. júlí 1902.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni kónungs

Christian,

prins af Danmörku,

ríkisstjóri.

(L. S.)

Alberti.

Nr. 17. Lög fyrir Ísland 8. júlí um tillöggun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

§ 3.

Foruden det Erstatningsansvar, som de paagældende i Medfør af almindelige Retsregler ville kunne paadrage sig ved Tilsidesættelse af de Forskrifter, der gives i Henhold til § 1, kan der herfor idømmes Straf af Bøder indtil 200 Kr.

Sager angaaende Idømmelse af deslige Bøder saa vel som angaaende Erstatningsansvar, hvor Bøder idømmes, behandles som offentlige Politisager.

Nr. 17.
8de
Juli.

§ 4.

Denne Lov, der træder i Kraft den Dag, da dens Stadfæstelse kundgøres i Regeringstidendes Afdeling B, forbliver gældende indtil det Tidspunkt, da Overenskomsten i London af 24de Juni 1901 angaaende Ordningen af Fiskeripolitiet i Havet omkring Færøerne og Island udenfor dansk Søterritorium maatte bortfalde.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Marselisborg, den 8de Juli 1902.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

I Kongens Navn

Christian,

Prins til Danmark,

Rigsforstander.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 8de Juli 1902.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.